

Fimmtudaginn 22. febrúar 1996.

Nr. 458/1994. **Hafsteinn Frímann Aðalsteinsson**

(Ólafur Garðarsson hrl.)

gegn

íslenska ríkinu

(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)

Gæsluvarðhald. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Arnljótur Björnsson og Bjarni K. Bjarnason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 16. nóvember 1994. Hann krefst þess, að stefndi greiði sér bætur fyrir fjártjón og miska, samtals 4.000.000 krónur, með dráttarvöxtum frá 16. febrúar 1989 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara lækkunar krafna og niðurfellingar málskostnaðar.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Ágreiningslaust er, að áfrýjandi hafði stutta viðdvöl í Antwerpen föstudaginn 6. janúar 1989, en að ms. Laxfoss var fermdur þar 11. sama mánaðar. Áfrýjandi hefur sjálfur skýrt frá því, að sig minni, að 6. janúar hafi hann hitt Gustaaf Verellen, sem þar sér um hleðslu og útskipun á gámum. Í framburði Verellen, sem greint er frá í héraðsdómi, kemur fram, að maður sá, sem hann hitti í Antwerpen 6. janúar, var 3. stýrimaður á ms. Eyrarfossi. Þar greinir m. a. svo: „Í samráði við Coppens var gengið frá fyrirkomulagi um, klukkan hvað og hvaða dag vörurnar yrðu afgreiddar á hafnarbakkann.“ Verður ekki talið, að ósamræmis gæti um atriði, sem máli skipta, í framburði þessa manns og Jeanne Coppens, sem þar er einnig getið, en hún hefur eindregið lýst því, að það hafi verið áfrýjandi, sem pantaði 1100 kassa af bjór heima hjá henni þennan dag og greiddi 260.300 franka í reiðufé. Með vísan til þessa svo og þess, að skýrslur um gjaldeyriskaup áfrýjanda og í hans nafni 5. janúar 1989 eru grunsamlegar og óútskýrðar,

verður ekki talið fremur líklegra, að áfrýjandi sé sýkn en sekur af háttsemi þeirri, sem hann var borinn, sbr. 2. tl. 1. mgr. 150. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sbr. nú b-lið 1. mgr. 175. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda, þar með talin málflutningslaun lögmanns hans, 100.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hafsteinn Frímann Aðalsteinsson, greiði stefnda, íslenska ríkinu, 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun lögmanns hans, 100.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 26. september 1994.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var fimmtudaginn 8. september sl., er höfðað af Hafsteini Frímanni Aðalsteinssyni, fyrrverandi stýrimanni, Púfubarði 5, Hafnarfirði, með stefnu, birtri 3. maí 1993, á hendur ríkissaksóknara og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda.

Þær eru, að stefndu verði gert að greiða stefnanda bætur vegna fjártjóns og miska, samtals að fjárhæð 4.000.000 kr., ásamt dráttarvöxtum [...]. Þá er krafist málskostnaðar [...].

Dómkröfur stefndu.

Þær eru aðallega, að stefndu verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati dómsins. Til vara er gerð krafa um, að stefnukrafa verði stórlega lækkuð og málskostnaður í því falli látinn niður falla.

II.

Málavextir.

Málavextir eru þeir, að 16. febrúar 1989 var stefnandi handtekinn að lokinni skýrslutöku hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins og úrskurðaður í gæslu-

varðhald vegna ætlaðrar aðildar að áfengissmygli. Gæsluvarðhaldið stóð í 30 daga. Með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 11. júní 1991, var höfðað mál á hendur honum vegna ætlaðra brota á tollalögum og áfengislögum. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðnum 5. nóvember 1992, var stefnandi sýknaður af kröfu ákæruvalds.

Stefnandi gerir í máli þessu kröfu um bætur vegna andlegra þjáninga, röskunar á stöðu og högum og álitshnekkis, sem mannorð hans hafi beðið við það að vera hnepptur í gæsluvarðhald. Þá krefst stefnandi bóta vegna fjártjóns, vegna þess að honum hafi verið sagt upp vinnu daginn eftir, að hann var látinn laus úr gæsluvarðhaldi. Styður stefnandi kröfur sínar XVIII. kafla 1. nr. 74/1974, sem í gildi voru, er til hinnar ætluðu skaðabóta-kröfu stofnaðist, einkum 2. tl. 150. gr.

III.

Málsástæður stefnanda og lagarök.

Stefnandi kveðst hafa starfað hjá Eimskipafélagi Íslands hf. vorið 1989 og hafa þá starfað hjá félaginu samfleytt rúmt ár. Á níunda áratugnum hafi hann starfað í 4-5 ár samtals hjá Eimskipafélaginu án nokkurra athugasemda af hálfu félagsins.

16. febrúar 1989 hafi stefnandi verið sóttur heim af starfsmönnum Rannsóknarlögreglu ríkisins og beðinn að koma á starfsstöð RLR til skýrslutöku. Eftir þá skýrslutöku hafi stefnanda verið tilkynnt, að hann væri handtekinn. Í kjölfar handtökunnar hafi hann verið hnepptur í gæsluvarðhald til 1. mars s. á., vegna grunar um smygl á 1100 kössum af bjór, sem fundist hafi í gámi við komu ms. Laxfoss til landsins 17. janúar 1989. Hinn 1. mars 1989 hafi gæsluvarðhaldið verið framlengt að kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins til 15. mars 1989. Þann dag hafi rannsóknarlögreglan enn gert kröfu um framlengingu gæsluvarðhalds stefnanda, en því verið hafnað af sakadómi Reykjavíkur. Stefnandi hafi því setið 30 daga í gæsluvarðhaldi.

Sama dag og stefnandi var handtekinn, hefði verið gerð húsleit á heimili hans og einnig í vídeóleigu þeirri, er stefnandi rak í Hafnarfirði.

Með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 11. júní 1991, hafi mál verið höfðað gegn stefnanda fyrir ætlað áfengissmygl. Dómur hafi verið upp kveðinn 5. nóvember 1992 hjá Héraðsdómi Reykjaness, og hafi stefnandi verið al-sýknaður af öllum kröfum ákæruvalds í málinu. Allan kostnað sakarinnar, þ. m. t. málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, 50.000 kr., auk virðisauka-skatts skyldi greiða úr ríkissjóði.

Stefnandi vísar um kröfur sínar aðallega á XVIII. kafla 1. nr. 74/1974, sem gilt hafi, er til hinnar ætluðu skaðabótakröfu stofnaðist, einkum 2. tl. 150. gr. Lög um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 geymi reglur um bætur

handa sakborningi o. fl. í XXI. kafla, og sé sá kafla lítillaga breyttur frá eldri lögum.

Stefnandi krefst miskabóta vegna andlegra þjáninga, röskunar á stöðu og högum og þess álitshnekkis, sem mannorð hans hafi beðið við það að vera hnepptur í gæsluvarðhald. Þá krefst stefnandi bóta vegna fjártjóns, vegna þess að honum hafi verið sagt upp vinnu daginn eftir, að hann var látinn laus úr gæsluvarðhaldi. Stefnandi hafi ekki fengið vinnu við sitt hæfi aftur fyrr en í desember 1989, og því hafi tekjur hans minnkað verulega, eins og sjáist á skattframtölum, sem lögð séu fram í málinu.

Gæsluvarðhald stefnanda hafi vakið töluverða athygli. Fundur björgámsins við komu ms. Laxfoss til Reykjavíkurhafnar 17. janúar 1989 hafi orðið frétt, og hafi síðan birst reglulega fréttir í fjölmiðlum af gangi lögreglurannsóknar. Tollgæslan hafi í nokkur ár reynt að koma í veg fyrir bjórsmýgl, sem talið hafi verið, að færi fram með skipum Eimskips. Einkum hafi verið nefnd til sögunnar skipin Álafoss og Eyrarfoss, og hafi öflugt tollgæslulið m. a. verið sent um borð í Álafoss í þyrlu árið áður, en án árangurs.

Pegar stefnandi var handtekinn, hefði verið frá því skýrt í flestum helstu fjölmiðlum landsins. Nafn stefnanda hefði ekki verið nefnt, en eins og títt sé í ekki stærra þjóðfélagi, hefði nafn hans fljótlega verið á flestra vitorði. Þannig hefðu börn hans orðið fyrir glósum og ýmsu aðkasti í skóla og við leik, og einnig hefði kona stefnanda orðið fyrir ónæði.

Daginn eftir, að stefnandi losnaði úr gæsluvarðhaldi, hefði hann farið á skrifstofu Eimskips hf. til þess að grennslast fyrir um það, hvers vegna laun hans hefðu ekki borist fjölskyldunni, meðan hann sat í gæsluvarðhaldi. Á meðan hann beið eftir skýringum, hefði starfsmaður félagsins, Ásbjörn Skúlason, vélritað uppsagnarbréf til stefnanda, og sé bréfið lagt fram á dskj. nr. 5. Í huga stefnanda hefði skipafélagið verið búð að kveða upp dóm. Skýringarnar, sem stefnandi fékk, hefðu hins vegar verið almennar, en sannleikurinn blasað við. Þetta hefði ekki orðið til þess að létta róður stefnanda, sem hefði legið við örvilnan. Hann hefði því þennan sama dag farið til heilsugæslulæknis síns, Hauks Heiðars Ingólfssonar. Liggi vottorð hans frammi í málinu á dskj. nr. 4. Samkvæmt því sé ljóst, að gæsluvarðhaldsvistin hafi haft mikil áhrif á stefnanda. Hann hafi kvartað um kvíða, spennu og svefnörðugleika. Stefnandi hafi látið á sjá líkamlega, hafi lést um 12 kíló í eins mánaðar gæsluvarðhaldi. Í gæsluvarðhaldsvistinni hafi einnig orðið að kalla lækni til stefnanda, sem þá hafði fengið snert af asma. Í kjölfar þess hafi hann fengið eigin sængurföt í stað ullarteppis og þá dregið úr einkennum.

Málsástæður stefndu.

Stefndu kveða ríkissaksóknara stefnt að ófyrirsynju og vísa til 178. gr. 1. nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála og skýringa, sem fylgi í greinargerð. 2. tl. 150. gr. 1. nr. 74/1974 svari nákvæmlega til b-liðar 175. gr. 1. nr. 19/1991. Sé því rétt að vísa málinu frá ex officio, hvað varði ríkissaksóknara.

Stefndu kveða skilyrði fyrir því, að sakborningur geti fengið bætur skv. XXI. kafla 1. nr. 19/1991 vera sett í 175. gr. laganna, sbr. 150. gr. 1. nr. 74/1974.

Stefnandi fullnægi þeim skilyrðum, sem þarna séu sett, að því leyti, að ekki hafi fengist sönnun fyrir sekt hans. Hann hafi verið dæmdur sýkn af sömu ástæðu, og dómi yfir honum hafi ekki verið áfrýjað. Hins vegar þurfi til viðbótar að fullnægja því skilyrði, að hann sé fremur líklegur til að vera saklaus en sekur af þeirri háttsemi, sem um sé fjallað. Eins og mál þetta liggi fyrir, sé víðsfjarri því, að þessu skilyrði sé fullnægt. Flest þau skjöl, sem lögð séu fram með greinargerð stefndu, styðji þessa niðurstöðu og enn fremur dómur í málinu sjálfu. Stefndu benda einnig á bréf ríkissaksóknara á dskj. nr. 16, dags. 11. júní 1993, einkum niðurlag þess, en þar séu færð veigamikil rök í þessa veru.

— — —

IV.

Forsendur og niðurstaða.

Samkvæmt 3. mgr. 154. gr. 1. nr. 74/1974, sem í gildi voru, þegar stefnandi var hnepttur í gæsluvarðhald, var nauðsynlegt að stefna ríkissaksóknara fyrir hönd ríkisvaldsins við höfðun einkamáls til bóta skv. 2. tl. 150. gr. laganna. Í núgildandi lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 er einungis gert ráð fyrir, að bætur verði sóttar í almennu einkamáli, og jafnframt hefur verið felld út ákvæði eldri laganna um, að ríkissaksóknari skuli vera í fyrirvari í slíkum málum. Er ekki að finna í núgildandi lögum ákvæði þess efnis, að ríkissaksóknari skuli hafa forsvar í málum vegna krafna, sem stofnuðust í gildistíð eldri laga. Brestur því lagaskilyrði til að stefna ríkissaksóknara í máli þessu, og ber að vísa kröfum stefnanda á hendur honum frá dómi ex officio.

Ágreiningur í máli þessu er einungis um það, hvort stefnandi fullnægi því skilyrði 2. tl. 150. gr. 1. nr. 74/1974, að hann megi fremur telja líklegan til að vera sýkn en sekur af ákæruatriðum þeim, sem hann var sýknaður af með dómi Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðnum 5. 11. 1992. Aðilar eru sam-mála um, að stefnandi fullnægi öðrum skilyrðum laganna um rétt til bóta.

Af framangreindu ákvæði 150. gr. 1. nr. 74/1974 er ljóst, að sýknudómur einn og sér í sakamáli er ekki fullnægjandi, til að bótaréttur stofnist, heldur

er beinlínis gert ráð fyrir því, að dómari í bótamáli meti sjálfstætt, hvort aðili sé fremur líklegur til að vera sýkn en sekur af ákæruatriðum. Er ákvæði þetta reist á því, að önnur sjónarmið gilda um sönnunarfærslu í sakamálum en einkamálum. Ber stefnandi í máli þessu sönnunarbyrðina fyrir því, að hann verði fremur talinn líklegur til að vera sýkn en sekur af atriðum þeim, sem hann sat í gæsluvarðhaldi fyrir.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness liggur fyrir í máli þessu. Þá hafa verið lagðar fram m. a. lögregluskýrslur svo og framburðarskýrslur Gustaaf Frans Paulina Verellen og Jeanne Maria Julia Coppens. Enda þótt skýrslur þessara erlendu aðila hafi ekki verið staðfestar hér fyrir dómi, er ekki fallist á, að þær séu þýðingarlausar í máli þessu. Verður ekki litið fram hjá því, að með ólíkindum er, hversu framburði frk. Coppens ber saman við ferðir stefnanda umræddan dag, bæði hvað varðar tímasetningu og ferðamáta, auk þess sem hún þekkti hann af mynd. Hefur stefnandi engar sennilegar skýringar gefið á því, hvernig hún mátti vita svo nákvæmlega um ferðir hans, og hafa skýringar á því ekki fengist á annan hátt nema því aðeins, að framburður frk. Coppens um þessi atriði sé réttur.

Vitnið Verellen nefnir samskiptaaðila sinn „Finnboga“, en bendir hins vegar á stefnanda á ljósmynd, er lögð var fyrir hann, sem sama mann. Þótt varhugavert sé að treysta framburði Verellen einum sér um aðild stefnanda að málinu, er framburður hans studdur framburði frk. Coppens, þrátt fyrir það að fullt samræmi sé ekki í framburði þeirra.

Auk þess, sem að framan er rakið, ber að líta til þess, að ósamræmi er í framburði stefnanda, hvað varðar, hverja hann hitti við höfnina í Antwerpen, sbr. dskj. nr. 29 og 35, en í skýrslu á dskj. nr. 35 viðurkennir hann að hafa hitt Verellen þar og kastað á hann kveðju. Hefur stefnandi ekki gefið fullnægjandi skýringar á ferðum sínum þar.

Í niðurstöðu framangreinds dóms Héraðsdóms Reykjaness segir svo m. a.:

„Margt er fram komið í máli þessu, sem bendir til þess, að ákærði hafi verið viðriðinn smygl þetta, svo sem úttekt hans á gjaldeyri 5. janúar (sic í dskj. nr. 3) 1989, ferð hans til Lundúna, þar sem hann tekur sér ferð til Antwerpen sama dag og frk. Coppens segir hann hafa pantað bjórinn, og loks það, að bæði hin erlendu vitni hafa bent á mynd af ákærða og kannast við, að hann hafi verið sá aðili, sem hafi pantað og gefið fyrirmæli um hleðslu bjórsins og lestun í ms. Laxfoss.

Hins vegar verður samt ekki talið, að fram séu komin gögn, sem útiloki, að ákærði hafi farið í ferðina í þeim tilgangi og sinnt þeim erindum, sem hann heldur fram, og einnig hefur hann gert líklegt með vísun í farseðil, að

hann hafi verið á Íslandi, er Laxfoss var í höfn í Antwerpen og hann átti samkvæmt framburði Verellen að hafa gefið honum fyrirmæli um hleðslu gámsins, en Verellen nafngreindir þann mann sem Finnboga, sem hann þekki, en maður með þessu nafni var 3. stýrimaður á Eyrarfossi, og ákærði átti og bróður, sem var bryti á millilandaskipum, með þessu nafni.

Þegar þannig er virt, að hin erlendu vitni hafa ekki borið hér fyrir dómi og verjandi ákærða ekki átt þess kost að spyrja þau og framburður þeirra er ónákvæmur og ósamræmis gætir milli þeirra og ekki ólíklegt, að þau séu í þeirri stöðu að verða að bera af sér sök vegna aðildar sinnar að málinu, og önnur atriði, sem getið er hér að framan, eru höfð í huga, þykir varhugavert að telja gegn staðfastri neitun ákærða, að fram sé komin fullnægjandi sönnun um sök hans, og ber því að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins í málinu.“

Af framangreindum dómi Héraðsdóms Reykjaness verður ekki ráðið, að ákærði hafi fremur verið talinn líklegur til að vera sýkn en sekur, enda þótt hann sé sýknaður af ákæruatriðum.

Þegar allt framangreint er virt, þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á, að hann fullnægi skilyrðum niðurlagsákvæðis 2. tl. 1. mgr. 150. gr. 1. nr. 74/1974, og ber því að sýkna stefnda ríkissjóð af bótakröfum stefnanda.

Rétt þykir, að málskostnaður milli aðila falli niður.

Samkvæmt 178. gr. 1. nr. 19/1991 greiðist kostnaður stefnanda af málinu úr ríkissjóði, þ. m. t. málflutningslaun lögmanns hans, Ólafs Garðarssonar hdl., 85.000 kr. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Kröfum stefnanda, Hafsteins Frímanns Aðalsteinssonar, Púfubarði 5, Hafnarfirði, á hendur stefnda ríkissaksóknara er vísað frá dómi ex officio.

Stefndi ríkissjóður skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda á hendur honum í máli þessu.

Málskostnaður milli aðila fellur niður.

Kostnaður stefnanda af málinu, þ. m. t. málflutningslaun lögmanns hans, Ólafs Garðarssonar hdl., 85.000 kr., greiðist úr ríkissjóði.